

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi í Hellukaupúni í Rangárvallasýslu nr. 534/1979.

*Félagsmálaráðuneytinu, 14. mars 2000.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Sesselja Árnadóttir.*

20. mars 2000

Nr. 199

## REGLUGERÐ

### um holræsi og holræsagjöld í Skútustaðahreppi.

#### 1. gr.

Þegar Skútustaðahreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa er þeim húseigendum sem þar eiga hús að eða í námunda við og til holræsa geta náð skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólþ frá því í aðalræsið (götuæð) og annast viðhald þeirra.

Vanræki einhver að láta gera holræsi (heimæð) innan hæfilegs frests getur hreppurinn látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir ef húseigandi vanrækir viðhald heimæðar.

#### 2. gr.

Hreppsnefnd hefur umsjón með holræsakerfi hreppsins, s.s. viðhaldi, endurbótum og aukningu þess. Heimilt er hreppsnefnd að fela sérstökum manni slíka umsjón.

#### 3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt (heimæð) skal hann hafa fengið leyfi hreppsnefndar til þess. Öll slík leyfi skulu skráð í gerðabók hreppsins.

Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar (umsjónarmanns) að því er varðar gerð, lagningu og frágang heimæðar enda hafi umsjónarmaður ávallt eftirlit með því að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

#### 4. gr.

Allur kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði.

#### 5. gr.

Hverjum húseiganda, sbr. 1. gr., er skylt að greiða árlegt holræsagjald til hreppsins er nemur 0,3% af fasteignamati húss hans eins og það er á hverjum tíma.

Gjaldldagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatta enda gjöld þessi innheimt sameiginlega.

#### 6. gr.

Húseigandi greiðir holræsagjald og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess þótt hann hafi framselt afnotarétt eignarinnar.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Skútustaðahrepps staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Skútustaðahreppi nr. 133/1969, sbr. reglugerð nr. 224/1972.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. mars 2000.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## AUGLÝSING

**um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur  
sem getur haft í för með sér mengun.**

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Mjölverksmiðjuna hf., Hvamms-  
tanga, kt. 660595-3419. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr.  
7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er  
auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir í 18 mánuði frá þeim tíma.

*Hollustuvernd ríkisins, 21. mars 2000.*

**Hermann Sveinbjörnsson** forstjóri.

*Davíð Egilsson  
forstöðumaður.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um holræsi í Hríseyjarhreppi nr. 56/1973.**

1. gr.

Lokamálsliður 6. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Gjald þetta getur sveitarstjórn hækkað  
eða lækkað með staðfestingu ráðuneytisins.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hríseyjarhrepps og staðfestist  
hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. mars 2000.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*